

1861.

4. júlím.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjald það, er eptir hæstarèttardómum ber að greiða í dómsmálasjóð.

Af eptirriti því, sem fylgir bréfi þessu, má sjá, að úr 2. af þeim skrifstofum, þar sem endurskoðaðir eru reikningar konungsríkisins, hefir dómsmálastjórnin fengið skýrslu um, að það fè, sem síðustu árin hefir verið dæmt „dómsmálasjóðnum“ í hæstarèttardómum í íslenskum málum, hefir runnið inn í hinn íslenska dómsmálasjóð, þar sem það ávallt áður var greitt inn í jarðabókarsjóð Íslands.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki finnst vera neinn vafi á því, að það fè, sem í hæstarèttardómum er dæmt „dómsmálasjóðnum“, eigi að renna í hinn almenna dómsmálasjóð, en ekki inn í hinn sérstaklega dómsmálasjóð Íslands, nema svo sè ákveðið í dóminum, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, að þèr hèr eptir gætið þess, að fè það, sem hèr er um rætt, verði, þegar svo stendur á, greitt í jarðabókarsjóð Íslands, og að þèr annist um, að þeir 27 rdl., sem eptir bréfinu frá endurskoðunar-skrifstofunni hafa ranglega verið borgaðir inn í dómsmálasjóð Íslands, verði, svo fljótt sem unnt er, aptur greiddir til jarðabókarsjóðsins.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bryggju í Reykjavík.

5. júlím.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af bréfi frá P. C. Knudtson, stórkaupmanni, býður hann í því fyrir sjálfan sig og C. F. Siemsen kaupmann, að nota megi ókeypis í þarfir hins opinbera bryggjur þær, er þeir eiga í Reykjavíkurbæ. Með tilliti til þessa skýtur stjórnarráðið því nú til úrlausnar yðar, herra stiptamtmaður, eptir að þèr um það efni hafið fengið álit hafnarnefndarinnar í Reykjavík, hvort eigi að síður sè ástæða til að veita úr hafnarsjóði bæjar-